Skipulags- og byggingarfulltrúi Uppsveita bs.
Samþykkt
04 JAN. 2017
Byggingarfulltrúi




Grunnmynd 1:100




Þversnið A 1:100

Kópsvatn 1 : Nýr matshluti 17. Landnúmer: 166792. Staðgreinir 8710-2-00052000

## Byggingarlýsing

Um er að ræða nýtt fjós með áburðarkjallara, nýr matshluti 17(mhl 17) sem er framlenging á eldra fjósi (mhl 10). Í nýju fjósi (01 01) verða 42 legubásar, átsvæði og fóðurgangur. Undir allri nýbyggingu verður steyptur áburðarkjallari(haughús) (00 01). Innra skipulagi í núverandi fjósi (mhl 10) verður breytt skv grunnmynd að ofan. Eldra fjósið tengist mhl 07 sem er eldri steypt hlaða sem þegar hefur verið breytt í kálfauppeldi og mjaltabás 2*6 og verður sá hluti allur óbreyttur.

**Byggingarefni:**
Áburðarkjallari er staðsteyptur. Útveggir og þak fjóss verður byggt með aðalburðarvirki úr stáli, langböndum úr límtré, klætt stálsamlokueiningum með steinull

.

**Upphitun, einangrunarkröfur og loftræsing:**
Húsið er óupphitað og ekki eru gerðar kröfur um einangrun skv gr 13.2.2.
Í þakmæni verður loftunargluggi (loftunarmænir) og inntaksop á hliðarveggjum

**Brunavarnir:**
Byggingin er flokkuð í notkunarflokk 1, skv. gr. 9.1.3. í Byggingarreglugerð.
**Brunahólfun:** Eldra fjós(mhl 10) er 230m$^2$. Mjólkurhús, kálfauppeldi, og mjaltabás (mhl 07,11,16) er 245m$^2$ og nýbygging 330m$^2$. Þessar einingar mynda eitt brunahólf 805m$^2$.
**Brunaþol burðarvirkis:** Skv. töflu 9.10. í Byggingarreglugerð þá telst áhætta vegna öryggis fólks lítil. Brunamótstaða burðarvirkja í veggjum og þaki skal því vera amk R30 skv töflu 9.11.

**Klæðningar:** Allar veggjaklæðningar innanhúss eru í flokki 1 og uppfylla flokkunina B-s1,d0 skv ÍST EN 13501-1. Þak er klætt með Yleiningum(ST-107-ST) sem flokkast sem C-S2,d0 og eru samþykktar af Mannvirkjastofnun sem þakklæðning.

**Neyðarlýsing og útljós:** Settir verða upp reykskynjarar (Rs) og komið fyrir útljósum(ÚT) og neyðarlýsingu (NI) í samræmi við ákvæði Byggingarreglugerðar. Á aðalteikningu þessari eru
sýndar leiðbeinandi staðsetningar. Nánari upplýsingar er að finna á sérteikningum.

**Slökkvitæki og slöngukefli:** Í húsið verða settar brunaslöngur eins og sýnt er á teikningu. Handslökkvitæki skulu sett í námunda við hverja slöngu og við báðar útgönguhurðir nýbyggingar.

**Reyklosun:** Reyklosun er um loftunarmæni (þakglugga), keyrsludyr og aðrar dyr. Ekki er talin frekari þörf á reyklosun þar sem flóttaleiðir eru góðar, tími til rýmingar fullnægjandi og brunaþol burðarvirkis í þaki og veggjum er í samræmi við ákvæði Byggingarreglugerðar.
**Helstu stærðir:**
Grunnflatarmál nýbyggingar er 329,7 m$^2$ og heildarrúmál nýbyggingar er 1.163,8 m$^3$

| Númer | Dags. | Skýring breytingar | Br. af |
|---|---|---|---|
| | | | |
| | | | |
| | | | |

| | | | |
|---|---|---|---|
| GÁG ehf Verk - og tækniráðgjöf<br>Gísli Ágúst Guðmundsson - Byggingatæknifr. kt: 250860-7499<br>Gauksási 41, 221 Hafnarfj . s: 869 0880<br>Netfang: gisligudmunds@gmail.com, | MKV.<br>1:100, á A2 | DAGS.<br>23.12.2016 | ÚTGÁFA NR.<br>1 |
| | TEIKN. GG / REIKN. GG | VERKNR.<br>0816 | NR. TEIKNINGAR<br>A-101 |
| HEITI VERKS:<br>Kópsvatn - stækkun fjóss | ÁRITUN HÖNNUÐAR | | DAGS. ÁRITUNAR |
| HEITI TEIKNINGAR<br>.<br>Grunnmynd, snið, lýsing | ÁRITUN SAMRÆMINGARHÖNNUÐAR | | DAGS. ÁRITUNAR<br>1487 |